Nd. **84. Frumvarp**

til laga um sönnun fyrir dauða sætýndra manna.

Flutningsmenn: Pjetur Ottesen og Jón A. Jónsson.

1. gr.

Nú ber svo við, að skip eða bátur kemur eigi úr ferð, og skal það þá teljast sannað, er 6 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er ætla má, að til ferðarinnar þyrfti, að þeir, sem í skipinu eða bátnum voru, sjeu dauðir, ef þeir hafa eigi áður þessi tími er liðinn vitjað heimila sinna eða á annan hátt sýnt, að þeir sjeu á lífi, eða ef ekkert hefir til þeirra spurst.

2. gr.

Það skal ákveðið með úrskurði hjeraðsdómara á þeim stað, sem skip eða bátur lagði í ferð, hversu langan tíma skuli ætla til ferðarinnar. Sá, sem slíks úrskurðar beiðist, skal gera það skriflega og er skyldur til að láta dómara í tje þær skýrslur, sem með þarf til þess að ákveða ferðartímann. Úrskurði þessum má áfrýja sem öðrum dómsúrskurðum.

3. gr.

Það skal jafnan upplýst með þingsvitni, hvort sá, er á skipi eða báti var, hafi á nokkurn hátt sýnt, að hann hafi komist lífs af eða hvort til hans

hafi spurst. Þingsvitni um þessi atriði skal tekið af nánustu aðstandendum og heimilisfólki, ef þurfa þykir.

4. gr.

Nú sýnir úrskurður eftir 2. gr., að 6 mánuðir sjeu liðnir frá ferðarlokum, og þingsvitni eftir 3. gr., að ekkert hafi til hlutaðeiganda spurst, og telst þá andlát hans hafa að borið í ferðarlok.

5. gr.

Nú hverfur maður af skipi og er eigi vitað, hversu það bar að nje hvað olli, og telst hann þá hafa látist þann dag, er hans varð síðast vart á skipi, ef ekki hefir til hans spurst í 6 mánuði frá hvarfi hans og skip var í hafi er það bar að, en ella í 5 ár. Um sönnun fyrir, hvort til hans hafi spurst, fer eftir 3. gr.

6. gr.

Ákvæði þessara laga koma þá að eins til framkvæmda, er lát sætýnds manns er ekki sannað á annan hátt.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það ber mjög oft við, að skip og bátar hjer á landi týnast, án þess að nokkurri sönnun verði við komið um það, þótt allir viti, að engi möguleiki sje fyrir öðru en að skipverjar sjeu löngu dauðir. Þetta getur valdið hinum mestu óþægindum fyrir aðstandendur og töluverðu tjóni, t. d. þegar um vátryggingarfjárhæðir er að ræða, sem ekki fást greiddar nema gegn sönnun um dauða hins trygða, auk þess sem það er óheppilegt vegna ráðstöfunar eftirlátinna eigna. Það virðist því eigi vanþörf á að bæta úr þessu, og í þeim tilgangi er þetta frumvarp borið fram. Nánari grein mun verða gerð fyrir því í framsögu.